



# Lífsgæði eftir greiningu krabbameins

Tímamótarannsókn með stuðningi almennings

## Hvert svar skiptir máli - fékkst þú boð?

Í dag eru um 18.500 einstaklingar á lífi hér á landi sem hafa greinst með krabbamein og hópurinn fer ört stækkandi. Greiningu og meðferð fleygir sífellt fram en samt vitum við enn ekki nóg um lífsgæði fólks í meðferð og eftir að meðferð lýkur. Er lífið gott? Eða eru lífsgæði skert?



Til að bæta þjónustu og stuðning hefur Krabbameinsfélagið hrundið af stað nýrri rannsókn í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala og hollenskan sérfræðing. Rannsóknin ber heitið **Lífsgæði eftir greiningu krabbameins** og miðar að því að dýpka skilning okkar á lífi fólks eftir greiningu og meðferð við krabbameini, meðal annars til að hægt sé að þróa þjónustu, úrræði og aðstoð þannig að þörfum fólks sé betur mætt.

Nánari upplýsingar:  
[www.krabb.is/lifsgaedi](http://www.krabb.is/lifsgaedi)

Information in english:  
[www.krabb.is/lifsgaedi/en](http://www.krabb.is/lifsgaedi/en)

Informacje w języku polskim  
znajdziesz na stronie:  
[www.krabb.is/lifsgaedi/pl](http://www.krabb.is/lifsgaedi/pl)

Niðurstöðurnar munu auka þekkingu á áhrifum krabbameins og krabbameinsmeðferðar á líðan og lífsgæði og leggja til mikilvægar upplýsingar til að þróa nauðsynlega heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að bjóða úrræði og aðstoð sem bætir líf fólks.

**Ef þú fékkst boð um að taka þátt hvetjum við þig til að gera það, hvert svar skiptir máli.**

